



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Priðjudaginn 20. ágúst var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 18:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

a) Fjárhagslegt yfirlit og fjárfestingar jan-jún 2019

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 6 mánuði ársins.

Sveitarstjóri fór yfir helstu þætti sem fram koma í yfirlitinu. Þá lagði sveitarstjóri einnig fram og kynnti kostnað við fjárfestingar ársins.

2. Gjaldskrá smábátahafnar

Fyrir fundinum lágu drög að viðbót við gjaldskrá Skagastrandarhafnar vegna nýrrar smábátahafnar sem sveitarstjóri kynnti. Sveitarstjórn ræddi drögin og samþykkti viðbótina síðan.

3. Tillaga um gatnagerðargjald

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga í tengslum við afslátt gatnagerðargjalda:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að auglýsa sérstaklega byggingalóðir við þegar tilbúnar götur þannig að veittur verði afsláttur allra gatnagerðargjalda vegna bygginga á lóðunum. Eftirfarandi ákvæði gilda um úthlutun lóðanna:

- Umsóknir skulu berast eigi síðar en 1. maí 2020, en umsóknir sem berast innan umsóknarfrests verða afgreiddar af hafnar- og skipulagsnefnd eftir því sem efni standa til og gildir röð umsókna um nýtingu fyrrgreinds afsláttar.
- Við úthlutun lóðanna skulu gildi ákvæði um að byggingarframkvæmdir skuli vera hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar hafi hloti fokheldisvottorð innan tveggja ára. Að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðargjalda.



Sveitarstjórn ræddi tillöguna en samþykkti hana svo samhljóða og fól sveitarstjóra að annast auglýsingu.

4. Aðild að Cruise Iceland

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti tillögu að fyrirhugaðri þátttöku í Cruise Iceland þar sem Skagastrandarhöfn verður kynnt sem ákjósanlegur kostur fyrir skemmtiferðaskip. Sveitarstjórn ræddi tillöguna og fól sveitarstjóra að ganga formlega frá aðildarumsókn.

5. Umsögn um gistileyfi Suðurvegur 2

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á Norðurlandi vestra um umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerðar nr. 1277/2016 sama efnis:

a) Umsækjandi: Sigríður Björk Sveinsdóttir, kt. 010465-5169.

Gististaðurinn er í flokki II skv. 3. gr. laga nr. 85/2007. Tegund gististaðar: Minna gistiheimili.

Um er að ræða nýtt leyfi.

Umsögn:

Fyrir fundinum lágu umsagnir byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra. Sveitarstjórn gerir því ekki athugasemd við að orðið verði við umsókninni.

6. Málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra

Þann 1. janúar 2016 öðlaðist gildi samstarfssamningur milli sveitarfélaga á Norðurlandi vestra; Skagastrandar, Akrahrepps, Blönduósbæjar, Húnnavatnshrepps og Húnaþings vestra við Sveitarfélagið Skagafjörð um að Sveitarfélagið Skagafjörður verði leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðra á Norðurlandi vestra. Skv. samningnum skal veita fötluðu fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögum, þjónustu í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um málaflokkinn gilda á hverjum tíma, sem og ákvæði samningsins. Samningur sá er um ræðir rennur út þann 31. desember 2019 en skulu samningsaðilar ákveða fyrir 1. september 2019 hvort vinna eigi að endurnýjun samningsins. Sveitarfélagið Skagaströnd óskar eftir því að unnið verði að endurnýjun samningsins.



7. Samningur um skólamáltíðir

Fyrir fundinum lá samningur um skólamáltíðir við Örvar ehf. Samningurinn er í grundvallaratriðum framlenging á fyrri samningi um eitt ár og gildir til 31. júlí 2020. Sveitarstjórn staðfesti samninginn.

8. Samningur um eldvarnareftirlit

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Eldstoðir ehf. um eldvarnareftirlit á svæði slökkviliðs Skagastrandar. Sambærilegur samningur hefur verið í gildi við fyrirtækið og eru engar efnislegar breytingar gerðar í nýjum drögum. Samningurinn er gerður til eins árs og er við bæði sveitarstjórn Skagastrandar og Skagabyggðar. Sveitarstjórn samþykkti samninginn fyrir sitt leyti og fól sveitarstjóra að senda sveitarstjórn Skagabyggðar hann til umfjöllunar.

9. Samstarfssamningur við Byggðastofnun um þjónustukort

Fyrir fundinum lá samstarfssamningur við Byggðastofnun er lýtur að söfnun, vinnslu og skilum gagna í tengslum við gerð þjónustukorts sem sýnir aðgengi landsmanna að allri almennri þjónustu hins opinbera og einkaaðila til að bæta yfirsýn og þar með skapa grundvöll fyrir aðgerðir til að tryggja íbúum þjónustu og jafna kostnað. Sveitarstjórn samþykkti samninginn.

10. Erindi hestamannafélagsins Snarfara

Róbert Kristjánsson lýsti yfir vanhæfi og vék af fundi

a) Dags. 05.06.2019

Róbert Kristjánsson lýsti yfir vanhæfi og vék af fundi. Með erindinu óskar Hestamannafélagið Snarfari eftir fjárhagsstyrk vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á næstu misserum. Þær framkvæmdir sem minnst er á eru m.a. uppsetning á tunnugerði, utanhúsmálun á félagshúsi og heflun og úrbótavinna við keppnisvöll. Sveitarstjórn ræddi erindi hestamannafélagsins og samþykkti að greiða styrk að upphæð kr. 500.000.

b) Dags. 07.06.2019





Með erindinu óskar stjórn Hestamannafélagsins Snarfara á Skagaströnd eftir viðræðum við sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar um byggingu á reiðskemmu á félagssvæði hestamannafélagsins. Sveitarstjórn ræddi erindi hestamannafélagsins og tók jákvætt í viðræður við félagið.

11. Umsögn Sveitarfélagsins Skagastrandar um breytingar á lögum um veiðar á grásleppu

Þann 26. júlí sl. sendi Sveitarfélagið Skagaströnd eftirfarandi umsögn inn á samráðsgátt í tengslum við drög að frumvarpi um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórnun grásleppu).

„Sveitarfélagið Skagaströnd lýsir mikilli andstöðu við hugmyndir um kvótasetningu á grásleppu. Slík framkvæmd kemur til með að rýra verulega möguleika á nýliðun innan greinarinnar.

Á Skagaströnd hefur útgerð smábáta eflst umtalsvert á undanförnum árum, heimamenn hafa stofnað fyrirtæki og fjárfest í kvótalausum smábátum. Rekstrargrundvöllur þessara fyrirtækja byggir á strandveiðum, úthlutuðum byggðakvóta og í mörgum tilfellum veiðum á grásleppu. Útgerðaraðilar sem nýlega hafa fjárfest í grásleppuleyfum munu í flestum tilvikum ekki njóta þeirrar veiðireynslu sem hefur verið aflað á tiltekið leyfi. Það mun því koma verulega illa út fyrir þá aðila komi til þessarar varhugaverðu aðgerðar við að kvótasetja tegundina.

Kvótasetning grásleppu með frjálsu framsali veiðiheimilda og tilheyrandi samþjöppun innan greinarinnar kemur því til með að veikja atvinnulíf þar sem síst skyldi.“

12. Þingsályktunartillaga um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023.

Lögð var fram svohljóðandi bókun sem var samþykkt samhljóða:

“Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi og hvetur ráðamenn til þess að virða hagsmuni íbúa og sjálfsákvörðunarrétt í eigin málefnum. Sameining sveitarfélaga getur verið ákjósanleg og skynsamleg en slíkt verður að gerast á forsendum þeirra sem um ræðir.” Þá var sveitarstjóra falið að skila inn umsögn á samráðsgátt í tengslum við málið.



13. Ársreikningur Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

Lagður fram til kynningar.

14. Ársreikningur Norðurár

Lagður fram til kynningar.

15. Ársreikningur Landskerfis bókasafna

Lagður fram til kynningar.

16. Bréf

a) Flugklasans dags. 31.05.2019

Með bréfinu óskar Markaðsstofa Norðurlands fyrir hönd Flugklasans Air 66N eftir áframhaldandi stuðningi við verkefnið sem nemur 300 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins í 3 ár. Verkefnið felur í sér að koma á beinu millilandaflugi um Akureyraflugvöll allt árið um kring. Sveitarfélagið ræddi erindið en sá sér ekki fært að verða við beiðninni að sinni.

b) Skógræktarinnar dags. 03.06.2019

Með bréfinu sendir Skógræktin umsögn um skipulagslýsing á endurskoðuðu aðalskipulagi Skagastrandar 2019-2031. Jafnfram er óskað eftir samstarfi við sveitarfélagið um að móta sameiginlega framtíðarsýn sem snýr að endurheimt landgæða m.a. með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Bréfið var til kynningar.

c) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11.06.2019

Með bréfinu boðar Samband íslenskra sveitarfélaga til XXXIV. landsþings sambandsins þann 6. september nk. Um er að ræða auka landsþings tileinkað umræðum um tillögu að stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Sveitarstjóra og oddvita falið að sitja fundinn fyrir hönd sveitarstjórnar.



d) Húnavatnshrepps dags. 13.06.2019

Mér bréfinu er tilkynnt bókun sveitarstjórnar Húnavatsnhrepps frá 12. júní sl. þar sem samþykkt er að greiða viðbótarkostnað vegna framkvæmda á vegum Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún. Vísað er til fundargerðar 45. fundarstjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún frá 3. júní 2019.

Bréfið var til kynningar.

e) Örnefnanefndar dags. 26.06.2019

Með bréfinu beinir Örnefndanefnd þeim tilmælum til sveitarfélaga að hafa frumkvæði að því að gefa stöðum nöfn þegar þörf á því kemur upp og sporna gegn óviðunandi nafngiftum sem annars gætu fest sig í sessi.

Bréfið var til kynningar

f) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26.06.2019

Með bréfinu skorar Stofnfundur samráðsvettvangs sveitarfélaganna um lofstlagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem fram fór í Reykjavík 19. júní 2019 á sveitarstjórnir um allt land að standa að yfirlýsingum um samstarf sveitarfélaga um lofstlagsmál. Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar tekur undir yfirlýsinguna í eigin nafni:

„Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn telur brýnt að ríki og sveitarfélög gripi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlagu íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.





Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun sveitarstjórn beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum. “

g) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26.06.2019

Með bréfinu er kynnt bréf Alþýðusambands Íslands dags. 7. júní 2019 í tengslum við álagsprósentur fasteignaskatts vegna 2020. Í því sambandi minnir Samband íslenskra sveitarfélaga á yfirlýsingu sína í tengslum við gerð lífskjarasamninga í apríl sl. þar sem mælst er til þess við sveitarfélögin að þau hækki ekki gjaldskrár sínar á árinu 2019 umfram það sem þegar er komið til framkvæmda. Þá einnig að Sambandið hafi hvatt sveitarfélög til þess að á árinu 2020 hækki þau gjaldskrár sínar að hámarki um 2.5% en minna ef verðbólga verður lægri. Þetta nái einnig til B-hluta fyrirtækja sveitarfélaga. Bréfið var til kynningar.

h) Tölvubréf Sigríðar Garðarsdóttur hjá Nýprent dags. 28.06.2019

Með bréfinu er send fyrirspurn um áhuga sveitarfélagsins á uppsetningu bæjarskiltis hjá Skagaströnd. Bréfið var til kynningar.

i) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28.06.2019

Með bréfinu er kynnt umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um samráðsskjali S-135/2019 – Skilgreining á mörkum miðhálendisþjóðgarðs, skiptingu í verndarflokka o.fl.

Bréfið var til kynningar.

j) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 01.07.2019

Með bréfinu eru kynntar forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2020 og fjárhagsáætlana til þriggja ára.

Bréfið var til kynningar.





k) Jafnréttisstofu dags. 05.07.2019

Með bréfinu er boðað til landsfundar jafnréttisstofu dagana 4-5. september nk. Sveitarstjórn áætlað að senda fulltrúa til landsfundarins.

l) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 15.07.2019

Með bréfinu minnir Samband íslenskra sveitarfélaga á lögbundin frest til þess að öðlast jafnlaunavottun en fresturinn er til ársloka 2019. Sveitarstjóra var falið að klára innleiðingarferli.

m) Póst- og fjarskiptastofnunar dags. 19.07.2019

Með bréfinu óskar Póst- og fjarskiptastofnun eftir uppfærðum upplýsingum um legu strengja og staðalista. Sveitarstjóra var falið að hafa milligöngu um miðlun á umbeðnum upplýsingum.

17. Fundargerðir

a) Fræðslunefndar dags. 5. maí 2019

Fundargerð var til kynningar.

b) Norðurár bs. dags. 6. júní 2019

Fundargerð var til kynningar.

c) Félags- og skólapjónustu A-Hún. dags. 18. júní 2019

Fundargerð var til kynningar.

d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 21. júní 2019

Fundargerð var til kynningar.

e) Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands

og Félags stjórnenda leikskóla dags. 4. júlí 2019

Fundargerð var til kynningar.

f) SSNV dags. 6. ágúst 2019

Fundargerð var til kynningar.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

18. Önnur mál

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:00

Halldór G. Ólafsson

Halldór G. Ólafsson

Róbert Kristjánsson

Róbert Kristjánsson

Kristín B. Leifsdóttir

Kristín B. Leifsdóttir

Peturína L. Jakobsdóttir

Peturína L. Jakobsdóttir

~~*Guðmundur Egill Erlendsson*~~

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir